
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Skýrsla til 4. Haustþings fjórðungssambands Vestfirðinga
Haldið 25. og 26. október 2019 – Félagsheimilinu á Hólmavík

Hlutverk samgöngu- og fjarskiptanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi aðili fyrir stjórn og þing Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi stefnumörkun í samgöngu- og fjarskiptamálum og eftirfylgni þeirrar stefnu og einstaka verkefna. Nefndin fjallar um mál sem stjórn Fjórðungssambandsins vísar til hennar og aflar upplýsinga um stöðu og framkvæmd samgöngu- og fjarskiptaverkefna. Nefndin getur einnig haft frumkvæði að málum en endanleg afgreiðsla slíkra mála er hjá stjórn Fjórðungssambandsins. Nefndin gefur árlega út starfsskýrslu og er þetta því fyrsta starfsskýrsla núverandi nefndar, ritari nefndarinnar er sviðsstjóri byggðaþróunarsviðs Vestfjarðastofu.

Verkefni nefndarinnar

Meðal verkefna nefndarinnar eru ýmsar umfjallanir um mál frá Alþingi, ráðuneytum og stofnunum. Í umsjón nefndarinnar er skipulag almenningssamgangna og reglulegir fundir með stofnunum samgöngu- og fjarskiptamála. Stjórn Fjórðungssambandsins vísaði árið 2017 umfjöllun um flutningsmál raforku á Vestfjörðum, mörkun stefnu og eftirfylgni í tengslum við virkjanaáform á Vestfjörðum til nefndarinnar. Hér var um tímabundna ráðstöfun að ræða og því jafnvel orðið tímabært að endurskoða og taka upp framtíðarfyrirkomulag, hvort sem það verður óbreytt eða ekki.

Fulltrúar og fundir

Niðurstaða kosningar samgöngunefndar á 3. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var eftirfarandi:

Aðalfulltrúar í fastanefnd um samgöngu- og fjarskiptamál eru eftirfarandi:

- Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjörður
- Iðá Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð
- Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
- Sigurður J. Hreinsson, Ísafjarðarbær
- Steinn Ingi Kjartansson, Súðavíkurreppur

Til vara

- Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur
- Aðalbjörg Sigurvaldadóttir, Strandabyggð
- Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík
- Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbær
- Marzelíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbær

Formaður nefndarinnar er valinn úr stjórn Fjórðungssambandsins og var Iðá Marsibil Jónsdóttir valin að þessu sinni.

Fundir nefndarinnar á starfsárinu hafa verið fjórir talsins, ásamt þeim hafa fulltrúar sótt fund með samgöngu – og sveitarstjórnarráðherra í desember 2018 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Fyrsti fundur var haldinn í fjarfundi þann 22. október 2018, þar var fjallað um skipan nefndarinnar, umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2029 og umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033 og önnur mál.

Helstu bókanir fundarins voru eftirfarandi:

Samgöngu og fjarskiptanefnd tók undir ályktanir 3. Haustþings FV og krafðist aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig að flýta megi framkvæmd þeirra og áréttaði verkefnin sem hér segir.

Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur vegna umfangsmikillar uppbyggingar atvinnulífs við Arnarfjörð og Tálknafjörð auk þess að létta álagi á vegi um Mikladal og Kleifaheiði.

Veiðileysuháls vegna alvarlegs byggðavanda í Árneshreppi þar sem byggð er að óbreyttu að leggjast af. **Innstrandavegur** er mikilvæg samgönguæð fyrir þjónustu, atvinnu og skólaakstur innan Strandabyggðar. Hann hefur verið á vegaáætlun um langt skeið hafði verið strikaður út í samgönguáætlun sem sérstakt verkefni. Fækkun **einbreiðra brúa** verði sem sérstakt tímasett verkefni. **Viðhald vega og vetrarþjónusta** verði efl. Lokið verði við rannsóknir á **staðsetningu munna Álftafjarðarganga** í Álftafirði og Skutulsfirði sem lið í undirbúningi að gerð jarðganga.

Flugmál, samgöngu og fjarskiptanefnd krafðist aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig að flýta megi framkvæmd þeirra og árétta verkefnin sem hér segir. Slitlag á **bílastæðið við Ísafjarðarflugföll, tækjageymslu á Bíldudalsflugvöll, fjölga ríkisstyrktum áætlunarferðum** milli Bíldudals og Reykjavíkur úr 6 í 8. Hraða rannsókn um **nýju flugvallarstæði** á Vestfjörðum og stofnað verði til starfshóps samgönguráðherra um **hlutverk og framtíð annarra flugvalla en millilandaflugvalla í grunnneti**. Veita styrki til **niðurgreiðslu flugfargjalda til íbúa** með lögheimili á tilteknum svæðum - **Skoska leiðin**.

Hafnarmál, samgöngu og fjarskiptanefnd krafðist aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig að flýta megi framkvæmd þeirra og áréttaði verkefnin sem hér segir. Flýta þarf framkvæmd við **Sundabakka á Ísafirði. Bíldudalshöfn** endurbætur á stálpili ásamt því að gera kantinn að einum hafnarkanti. **Súðavíkurhöfn**, Langeyri, tryggt að verði komið á góðan rexpöl. **Hólmavíkurhöfn**, endurnýjun stálpils.

Almenningssamgöngur auka þarf við fjárveitingu á árinu 2019 um 250 mkr, til að dekkja tap af rekstri á landsvísu frá því verkefnið hófst 2012. Jafnframt því þarf að tryggja fjármagn til að mæta væntum taprekstri á árinu 2019. Framlenging samnings FV við Vegagerðina á árinu 2019 verði skilyrtur við aukið framlag til þróunarverkefna, 15 til 18 mkr.

Undir liðnum önnur mál var staða mála vegagerðar í Gufudalssveit rædd. Karl Kristjánsson kynnti undir þeim lið að komin væri fram skýrsla Vegagerðar um leið R, sú skýrsla var til umfjöllunar hjá Reykhólahreppi og var verið að kalla eftir áliti Multiconsult á skýrslunni. Formaður lýsti miklum áhggjum af langri málsmeðferð. Óskaði eftir fundi þar sem samgöngunefnd Fjórðungssambandsins og sveitarstjórn Reykhólahrepps hittist og færu yfir stöðu mála, ásamt ráðgjöfum sveitarstjórnarinnar.

Annar fundur var haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps þann 13. nóvember. Þar mættu eftirfarandi aðilar fyrir hönd nefndarinnar; Iða Marsibil Jónsdóttir, formaður, Steinn Ingi Kjartansson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir og Jón Gísli Jónsson. Sigurður Hreinsson boðaði forföll og varafulltrúar hans boðuðu einnig forföll.

Að hálfu Reykhólahrepps voru mætt Ingimar Ingimarsson, oddviti, Árný Huld Haraldsdóttir, Embla Dögg B. Jóhannsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Karl Kristjánsson og Tryggvi

Harðarson, sveitarstjóri. Einnig sátu fundinn frá Vestfjarðastofu þau Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, eins sat fundinn Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Alta. Á fundinum var mál vegagerðar í Gufudalssveit reifað og skipst á upplýsingum og skoðunum. Sjónarmið varðandi leiðarval er snerti valkostagreiningu, skipulagsvinnu, framkvæmdakostnað, kosti og ókosti þjóðvegur um þéttbýli, öryggismál og tímafresti. Í umræðum kom fram að talið var að hefja mætti framkvæmd á næsta sumri (sumarið 2019) til lagfæringa á tengivegum í Gufudal og Djúpadal, óháð endanlegu leiðarvali.

Priðji fundur var svo haldinn í fjarfundi föstudaginn 30. nóvember. Á dagskrá fundarins voru eldri fundargerðir, viðaukasamningur Fjórðungssambandsins og Vegagerðarinnar um almenningssamgöngur á Vestfjörðum á árinu 2019 og önnur mál. Lagður var fram samningur Vegagerðarinnar og Fjórðungssambands Vestfirðinga um framlengingu á gildistíma samnings dagsettan 30. júlí 2012 um almenningssamgöngur á Vestfjörðum til loka árs 2019. Farið var yfir efni samningsins og samþykkt að beina því til stjórnar Fjórðungssambandsins að samþykkja efni hans og veita himild til að færa 5 mkr af ónýttum styrkjum ársins 2018 til 2019. Eins beindi samgöngu- og fjarskiptanefnd því til stjórnar FV að veita heimild til sviðsstjóra til þess;

- að fara í viðræður við sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum um samræmingu akstursáætlana sérleyfa FV og aksturs á vegum sveitarfélaganna þ.m.t. svokallaðs frístundaaksturs.
- að fara í viðræður við sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum um tengingu við frístundaakstur.
- að fara í viðræður við Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp um þróunarverkefni um akstur á milli þéttbýlisstaða.

Rætt um rekstur einstaka sérleyfa og beinir samgöngu- og fjarskiptanefnd til stjórnar ákveðnum leiðum í samningum um resktur þeirra. Undir liðnum önnur mál var kynnt afrit bréfs Samgöngufélagsins 17. nóvember 2018 til sveitarfélaga á Vesturlandi og SSV. Þar var kynning á umsögn samgöngufélagsins um þrjú mál er varða Vesturland. Formaður fór yfir nokkur atriði varðandi endurbætur á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit. Samþykkt var að óska eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um málið. Einnig var samþykkt að kalla eftir minnisblaði Skipulagsstofnunar til Reykhólahrepps þann 5. nóvember og óska eftir skýringum á kröfum um valkostagreiningu á vegstæðum.

Fjórði fundur nefndarinnar var haldinn í fjarfundi þann 22. febrúar. Á dagskrá fundarins var afgreiðsla Samgönguáætlunar 2019-2023 nr. 10/149 og 2019-2033 nr. 11/149.

Almenningssamgöngur og undirbúningur umsagnar skýrslu samgönguráðherra *Ferðumst saman – drög að stefnu í almenningssamgöngum* og önnur mál.

Rætt var um niðurstöðu áætlunarinnar og yfirmarkmið áætlunarinnar þóttu jákvæð. Í vegamálum er jákvætt er að hraða eigi framkvæmdum á Veiðileysuhálsi í Árneshreppi og framkvæmdafjármagn Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit var ekki skert. Neikvætt þótti að framkvæmdum á Bíldudalsvegi var ekki flýtt og Innstrandavegur fær enga fjárveitingu á næstu 15 árum. Fjármagn til flugmála er ekkert aukið og lítil hækkun til hafnarframkvæmda

Þrátt fyrir brýna þörf m.a. vegna uppbyggingar fiskeldis. Taka verði þessi mál upp við endurskoðun samgönguáætlunar á haustþingi. Umræða um upptöku veggjalda er vandasöm til þess að ekki komi til nýr skattstofn sem settur verði á til langframa til viðbótar öðrum gjöldum á umferð og bifreiðar. Nauðsyn er hinsvegar að taka á uppsafnaðri framkvæmdaþörf í vegakerfi landsins.

Lögð fram skýrsla samgönguráðuneytisins, skýrslan þótti vel unnin og lýsa stöðu málaflokksins vel. Samgöngunefnd lagði áherslu á að við uppbyggingu heildarkerfis að taka verði tillit til sérstöðu Vestfjarða í almenningssamgöngum þar sem landshlutinn er dreifbýlt svæði með einungis eina tengingu við hringveg 1 og flug er meginstoð kerfisins í tengingu við aðra landhluta. Sviðsstjóra var falið að undirbúa umsögn á grundvelli umræðna á fundinum og senda á nefndina í tölvupósti.

Undir liðnum önnur mál var lögð var fram til kynningar þingsályktun hluta þingmanna Norð vestur kjördæmis um Staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum, mál 152/149. Samgöngunefnd fagnaði framkominni þingsályktun og mikilvægi efni hennar fyrir Vestfirði. Sviðsstjóra var falið að gera tillögu að umsögn um málið. Í þeirri umsögn skyldi aðal áhersla vera á mikilvægi málsins en að efnissvið tillögunnar verði aukið, gera þarf ítarlegri þarfagreiningu á þjónustu við samfélög og atvinnulíf og tengja við landfræði- og veðurfarslegar aðstæður og framfara í flugleiðsögn.

Einnig kynnti sviðsstjóri dög að ársreikningi NVB ehf, rekstrartap um 11 milljónir og þurfa eigendur félagsins að móta tillögu um það hvernig því tapi yrði mætt, þetta yrði rætt milli fundar og tillaga til stjórnar FV sett fram.

Fundur þann 12. desember með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Lagt var fram eftirfarandi minnisblað:

- A. Staða mála með endurbætur og nýframkvæmdir á Vestfjarðavegi 60. Núverandi og fyrrverandi sveitarstjórn Reykhólahrepps hafa unnið að tillögu um breytingu áaðalskipulagi vegna endurbóta og nýframkvæmda á Vestfjarðavegi 60 í Gufudalssveit og Reykhólasveit og veitingu framkvæmdaleyfis í framhaldi af því. Sveitarstjórn samþykkti nú í nóvember s.l. að fram fari valkostagreining á nýrri leið, R-leið, til samanburðar á Þ-H leið og D2 leið. Vænst er niðurstöðu þeirrar greiningar í þessari viku og verður hún þá þegar gerð opinber og kynnt íbúum sveitarfélagsins með fundi fyrir jól. Ljóst er því að ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps mun dragast fram eftirárinu 2019. Í þessari stöðu vill stjórn FV setja fram eftirfarandi kröfur;
- að það fjármagn sem lagt er til verkefnisins í samgönguáætlun 2019-2023 verði ekki skert, þannig að undirbúningur útboðs geti farið óhindrað fram þegar framkvæmdaleyfi liggur fyrir.
 - að Vegagerð verði strax falið að bjóða út á árinu 2019 endurbætur á væntum tengivegum í Gufudalssveit sem vinna má að óháð leiðarvali fyrir nýframkvæmd á Vestfjarðavegi 60.
 - að ríkisstjórn undirbúi lög um vegaframkvæmdir á Vestfjarðavegi 60 sem grundvöllur verði á framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Reykhólahrepps. Hér er átt við að þegar framkvæmdaleyfi hefur verið samþykkt, þá verði sett lög á framkvæmdina og aftengi þar með önnur lagaákvæði s.s. um kærur á ákvörðun sveitarstjórnar.

- B. Vegagerð um Veiðileysuháls, Strandavegur. Samgönguáætlun 2019-2023 gerir ráð fyrir að endurbætur á Strandavegi um Veiðileysuháls hefjist 2022, sem er fjögurra ára seinkun frá gildandi samgönguáætlun 2011-2022. Í þessu máli fylgir stjórn FV samþykkt 3. Haustþings FV og krefst þess að framkvæmdin fari í útboð á árinu 2019, en ella má telja að byggð í Árneshreppi leggist af. Vísast hér einnig til umsagnar FV til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis varðandi þingsályktun að Samgönguráætlun 2019-2023. Í verkefninu Áfram Árneshreppur, sem er hluti af verkefni Byggðastofnunar um Brothættar byggðir, kemur skýrt fram að þessi framkvæmd er kjarninn fyrir framtíðarsýn og undirstaða annarra verkefna sem hafin eru eða eru í undirbúningi. Í raun er óskiljanlegt hvers vegna stjórnvöld taka þá ákvörðun að seinka þessari framkvæmd í tillögu til þingsályktunar um samgönguráætlun 2019-2023 og hafa í raun þagað þunnu hljóði í framhaldinu. Hér þurfa að koma fram skýr svör um framkvæmdina sem slíka og þá um framtíð byggðar Árneshrepps.
- C. Flýting framkvæmda á vegi um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg og efling vetrarþjónustu. Stjórn FV fylgir hér eftir samþykkt 3. Haustþings FV og vísar til umsagnar FV til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis varðandi þingsályktun að Samgönguáætlun 2019-2023. Undirbúningur framkvæmda á vegi um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg, fór alltof hægt af stað að hálfu Vegagerðarinnar. Því mun opnun Dýrafjarðargangna (eigi síðar en í september 2020) ekki nýtast að fullnustu frá fyrsta degi eins og vænst var af samgönguáætlun 2011-2022. Flýting framkvæmdar yfir á fyrsta tímabil Samgönguáætlunar 2019-2033 í stað annars og þriðja tímabils, mun geta flýtt uppbyggingu fiskeldis og ferðaþjónustu og auka þar með tekjur ríkissjóðs og greiða framkvæmdina fyrr niður. Í annan stað leggur stjórn FV áherslu á, að á framkvæmdatíma vegagerðar eigi að efla vetrarþjónustu á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi strax í kjölfar opnunar Dýrafjarðargangna auk þess að viðhalda og eða efla vetrarþjónustu á Vestfjörðum almennt. Með þessu hætti verði sveitarfélögum, stofnunum ríkisins og atvinnulífi gefið fyrr færi á að þróa og láta reyna á nýtt skipulag þjónustu, auk þess að auðvelda uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra. Þannig að þegar öllum framkvæmdum er lokið þá hafi samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum þegar náð að geta tileinkað þessa byltingu í samgöngumálum og mannvirkin geti því nýst strax frá fyrsta degi.

Ýmsar umsagnir voru sendar frá ýmist stjórn Vestfjarðastofu/Fjórðungssambandsins eða samgöngu- og fjarskiptanefnd á tímabilinu, má þar til dæmis nefna umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 en þar ályktar Vestfjarðastofa meðal annars um samgöngur. Lýsir yfir áhyggjum af því að uppbygging almenningsgangna gangi ekki eftir þar sem fjármagn til málaflokksins lækki vegna aðhaldskröfu. Framlög til Vestfjarða í málaflokkinum nema 48 mkr á þessu ári en ef þau ættu að vera raunhæf með tilliti til heilsársþjónustu þyrftu framlögin að vera nær 100 mkr. Hækkun framlags til vegarþjónustu er ekki talinn nægur. Hafnarframkvæmdir hækka um 110 mkr sem er hvergi nærri nóg til að mæta þörfum atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum, sérstaklega til að mæta stóraukinni þjónustu við laxeldi.

Umsögn um Fjarskiptaáætlun 2019-2023 og Fjarskiptaáætlun 2019-2033, var svohljóðandi:
Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd

Ísafirði 14. janúar 2019

Umsögn Fjarskiptaáætlun 2019-2023 mál 403, þingskjal 544 og Fjarskiptaáætlun 2019-2033, mál 404, þingskjal 545, 149. löggjafarþing
Vestfjarðastofa ses hefur umsjón með málefnum FV í samræmi við samþykkt sveitarfélaga sem standa að FV.

Ísland ljóstengt.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur ríka áherslu á að fjármagn verði tryggt til þess að geta lokið verkefninu fyrir lok árs 2020 eins og rætt var í upphafi verkefnisins en ekki 2021. Er þessi seinkun um eitt ár einnig í andstöðu við markmið nr A1 í stefnumótandi byggðaáætlun nr 24/148, þar sem áætlað er að verkefninu verði lokið 2020.

Markmið um aðgengileg og greið fjarskipti. Fjórðungssamband Vestfirðinga styður þau fjögur markmið og áherslur sem settar eru fram í Fjarskiptaáætlun (bls 10), en undirstrikar að víða er markaðsbrestur í uppbyggingu fjarskiptakerfa á fámennum og dreifbýlum svæðum og tryggja verður að þessi svæði njóti forgangs í opinberum stuðningi við fjarskiptakerfin.

Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum og samræming áætlana um flutningskerfi raforku.

Hringtengingu ljósleiðara var lokið á Vestfjörðum í desember 2016, en þá var lokið verkefni sem hófst sumarið 2015 með tengingu ljósleiðara frá botni Hrútafjarðar í Steingrímsfjörð og áfram yfir í Djúp og til Súðavíkur. Að þessu verkefni komu Fjarskiptasjóður, Orkubú Vestfjarða, Míla, Öryggisfjarskipti og Neyðarlínan. Samvinna þessara aðila skipti hér sköpum varðandi að lágmarka kostnað við framkvæmdina m.a. að unnið var samhliða að lagningu þriggja fasa rafstrengs. Hringtenging ljósleiðara á þessum tíma var lok á áralöngu baráttumáli Fjórðungssambands Vestfirðinga, sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum um uppbyggingu grunnstofnnetts ljósleiðara, enda um að ræða gríðarlegt hagsmuna og samkeppnismál fyrir landshlutann.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill í þessu máli vekja athygli á að í greinargerð með fjarskiptaáætlun er umfjöllun um Útlandasambönd og grunnstofnnet innanlands (bls 11), þar er birt mynd sem sýnir ljósleiðarahring um landið. Vekur athygli að Vestfirðir eru hér ekki tilgreindir sem hluti af því neti. Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir því hér áhyggjum að stofnljósleiðari á Vestfjörðum sé ekki tilgreindur með landskerfinu og í því felist að forgagnsröðun í viðhaldi og endurnýjun ljósleiðara Vestfjörðum sé sett skör lægra. Rétt er að minna á, að vegna vöntunar á hringtengingu ljósleiðarar og ótryggra raforkuflutninga voru Vestfirðir dæmdir úr leik, við mat á forsendum þess að laða að fjárfesta s.s. í uppbyggingu gagnavera.

Áhyggjur Fjórðungssambands Vestfirðinga í þessum efnum beinast ekki síst að því, að hluti af hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum er strengur sem liggur frá Bifröst í Borgarfirði norður um Dali, um Barðastrandasýslur og þaðan norður til Bolungarvíkur. Þessi strengur er að meginhluta yfir 30 ára gamall ljósleiðari, sem lagður var með aðkomu framkvæmdasjóðs NATO í tengslum við starfsemi ratsjárstöðvar á Bolafjalli.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur, að með tilliti til aldurs strengsins og að hann liggi víða í sjó, þá verði innan örfárra ára, að fara í verulegt viðhald og markvissa endurnýjun þessa hluta hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá kröfu að gerð verði úttekt á stofnljósleiðarakerfis á Vestfjörðum og að fjármagn verði til reiðu sé

úrboða þörf. Eins beini stjórnvöld því til sinna fyrirtækja og stofnana að nýta hvert tækifæri til samvinnu í þeim efnum, líkt og tókst á árunum 2015 og 2016 við ljósleiðaraverkefni. Stjórnvöld hafa með þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr 26/148, markað þá stefnu að allir þéttbýlisstaðir verði tengdir N-1 tengingu sem tryggir raforkuflutninga. Fjarskiptaáætlun ætti á sama hátt tryggja sambærilegt öryggi við tengingar ljósleiðarans. Samræma mætti í þessum efnum framkvæmdaáætlun í N-1 tengingu þéttbýlisstaða s.m.b. framangreinda þingsályktun nr 26/148 um flutningskerfi raforku.

Öryggismál vegfarenda og aukin fjöldi ferðamanna.

Á stofnvegum Vestfjörðum eru víða „göt“ í dag á dekkun fjarskiptakerfa og eins er einnig á vinsælum ferðamannastaðum. Fyrirséður er aukinn áhugi ferðamanna að sækja Vestfirði heim Vestfjörðum með nýjum Hringvegi 2, við opnun Dýrafjarðargangna á árinu 2020. Einnig verður sú breyting að þá munu ferðamenn sækja í auknu mæli til Vestfjarða allt árið um kring.

Víða eru langir vegakaflar með fjallvegum þar sem er engin búseta og hið sama á við vinsæla ferðamannastaði. Því verður að tryggja að til staðar sé fjarskiptakerfi sem ferðamenn geti án vankvæða sótt sér upplýsingar og eða óskað eftir aðstoð. Eins verður að vera tryggt að hægt sé að senda ferðamönnum og öðrum vegfarendum aðvaranir s.s. við lokun vega vegna óveðurs og eða ofanflóðahættu.

Bætt dekkun Smartnets, ferðaþjónusta, markaðsbrestur og kostnaðaraðild sveitarfélaga.

Opið net (Smartnet), á grunni 5G kerfis innan byggðakjarna verður fljótt nýr staðall ofan á önnur fjarskiptakerfi. Hér er einn hluti af fjórðu iðnbyltingunni sem tryggja verður geti gengið jafn hratt fram í byggðakjörnum um landið allt sem og á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má fyrir að jafnt íbúar sem og ferðamenn munu treysta á slíkt kerfi.

Leggja verður áherslu á að stjórnvöld hraði skilgreiningu á hlutverki sveitarfélaga í þróun 5G kerfa þannig að ætlað hlutverk sveitarfélaga sé ljóst strax í upphafi. Hér er vísað til reynslu af verkefninu Ísland ljóstengt, þar sem í miðjum klíðum var hætt við að stjórnvöld skiptu fjármagni niður á einstaka landshluta samkvæmt skiptireglu. Þess í stað var komið á samkeppnissjóði þar sem sveitarfélögin kepptu um fjármagn.

Fyrir sveitarstjórnarstigið var hér þá komið nýtt verkefni sem ekki var fyrirséð. Fyrir dreifbýl og fámenn sveitarfélög var þetta ójöfn samkeppnisstaða og því þau eru mörg hver að koma seinna inn í verkefnið, en voru samt á þeim svæðum sem hallaði hvað mest á, í uppbyggingu ljósleiðarakerfa. Á hinn bóginn gekk verkefnið hraðar hvað varðaði fjölda íbúa sem fengu nýjar tengingar, með því að fjölmennari og þéttbýlli sveitarfélög ákváðu að leggja til auknið fjármagn inn í verkefnið.

Þó verkefnið Ísland ljóstengt sé að ganga upp varðandi ljósleiðaratengingu í dreifbýli, að frátöldum framangreindum hnökrum, þá hafa minni þéttbýlisstaðir setið eftir. Ekki er skilgreindur markaðsbrestur á þessum þéttbýlisstöðum en áhugi fjarskiptafyrirtækja hefur takmarkaður fyrir uppbyggingu t.d. eru þau enn að bjóða 50 Mb/s á meðan 1000 Mb/s er í boði á höfuðborgarsvæði. Áhugi fjarskiptafyrirtækjanna er á höfuðborgarsvæði og nágrannasveitarfélögum og leggja þar hvert ofan í annað, sitt eigið kerfi með tilheyrandi framtíðarkostnaði á viðskiptavini og samfélagið í heild.

Áhyggjur Fjórðungssambands Vestfirðinga eru, að reynslan af hægri uppbyggingu ljósleiðara innan minni þéttbýlisstaða verði hin sama og uppbyggingu 5G kerfis. Fjarskiptafyrirtækin hagi sér með sama hætti og hægt mun ganga að fá stjórnvöld til að koma hér inn og þau vilji velja kostnaði yfir á sveitarfélögin. Minnt er á að stjórnvöld hafa sett sér markmið um jöfnun aðgengis íbúa að fjarskiptum, s.m.b. verkefni í stefnumótandi Byggaáætlun 24/148, nr A18,

Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis;

Verkefnismarkmið: Að íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgengi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum.

Skilgreindur verði réttur fólks til opinberrar grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, menntunar, samgangna og fjarskipta. Þegar skilgreining liggur fyrir verði unnar tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins og gerðar tillögur um það í langtímaáætlun eigi síðar en árið 2021.

Markmið um hagkvæm og skilvirk fjarskipti

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt undir þessu markmiði að haft sé hliðsjón af því að fjarskiptakerfi séu ávallt uppfærð, þannig að íbúar um allt land standi jafnt gagnvart þjónustu s.s. Þjóðskrár. Sama eigi að gilda við alþjónustu á varðandi dreifingu pósts. Ítrekuð eru markmið í verkefni A18 í stefnumótandi byggðaáætlun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur einnig mikilvægt að gætt sé að hagsmunum og jafnræði blindra og sjónskerta að sækja þjónustu pósts og eins aðgengi að fjarskiptakerfum. FV vill hér einnig vekja athygli á staða elsta hluta eldri borgara, er ekki með ólíkum hætti og blindra og sjónskertra m.a. að þeir nái ekki að tileinka sér nýjungar í opinberum kerfum. Hættan er sú að þeir verði afskiptir í þessum kerfum sé þess ekki gætt að þeir hafi kost á að fá gögn send með hefðbundnum pósti. Að öðrum kosti er aðgengi að opinberum kerfum alfarið háð hjálp umboðsmanna þeirra.

Lokaorð

Að ofangreindu má sjá að stöðugt þurfum við Vestfirðingar að stunda hagsmunagæslu á þessum vettvangi af miklum móði. Í skýrslu Fastanefndar samgöngu- og fjarskiptanefndar frá árinu 2009 fyrir tíu árum, má lesa eftirfarandi:

Í kjölfarið á dómi Hæstaréttar þar sem úrskurður umhverfissráðherra frá janúar 2007 var felldur úr gildi varðandi vegalagningu frá Skálanesi í Þorskafjörð í Reykhólahreppi fundaði samgöngunefnd 2. Nóvember til að meta stöðu málsins. Daginn eftir var fundur í samgönguráðuneytinu með ráðherra, ráðuneytismönnum, fulltrúum Vegagerðarinnar og sveitarstjórnarmönnum í Barðastranastýslu þar sem rædd voru viðbrögð við dómnum. Álit lögfræðinga Vegagerðarinnar um framhald málsins liggur fyrir, en ákvörðun um framhaldið hefur ekki verið tekin af ráðuneyti eða Vegagerð og málið allt í kyrrstöðu ennþá. Ljóst er að það er sama hvaða leið er farin gegnum nýjarn úrskurð eða nýtt umhverfismat, að það gæti tekið 1-4 ár, eftir því hvaða kærur, áfrýjanir og dómsmál kunna að rísa.

Fromanni finnst við hæfi að koma með þessa tilvitnun í dag þar sem staðan virðist nokkuð óbreytt, tíu árum síðar sem hlýtur að þykja með ólíkindum.

Vestfirðir búa ekki við viðunandi öryggi í samgöngum og í raun ekki í fjarskiptum heldur, þar sem símasamband er víða mjög stopult og óásættanlegt hlýtur að þykja að staðan sé sú á vegum sem erfiðir eru yfirferðar.

Iðna Marsibil Jónsdóttir

Formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál